

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 40

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

10. árgangur

7.8.2003

-
- I EES-STOFNANIR
 - 1. EES-ráðið
 - 2. Sameiginlega EES-nefndin
 - 3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
 - 4. Ráðgjafarnefnd EES
 - II EFTA-STOFNANIR
 - 1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
 - 2. Eftirlitsstofnun EFTA
 - 3. EFTA-dómstóllinn
 - III EB-STOFNANIR
 - 1. Ráðið
 - 2. Framkvæmdastjórnin

2003/EES/40/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3210 – EDF/EDFT)	1
2003/EES/40/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3224 – REWE/Bon Appétit)	2
2003/EES/40/03	Ríkisaðstoð – Mál nr. E 3/02 – Frakkland	3
	3. Dómstóllinn	

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3210 – EDF/EDFT)**

2003/EES/40/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. júlí 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Electricité de France (EDF) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir öllu breska fyrirtækinu EDF Trading Limited (EDFT).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EDF: framleiðsla, flutningur, dreifing og sala á raforku
 - EDFT: verslun og markaðssetning á orku og orkugjöfum, fyrst og fremst á safnmörkuðum, daggengismörkuðum og framvirkum mörkuðum fyrir orku og orkugjafa
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Endanlegri ákvörðun um þetta hefur þó verið frestað.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 183 hinn 2. ágúst 2003. Athugasemdirnar má senda um bréfasíma (+32 2 296 43 01 eða +32 2 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3210 – EDF/EDFT, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3224 – REWE/Bon Appétit)**

2003/EES/40/02

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. júlí 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið REWE-Beteiligungs-Holding International GmbH (REWE) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar yfir öllu fyrirtækinu Bon Appétit Group AG (BAG).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - REWE: smásala og heildsala á matvælum og dagvörum og ferðaþjónusta
 - BAG: smásala á matvælum og dagvörum og heildsala á matvælum og hreinlætisvörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Endanlegri ákvörðun um þetta hefur þó verið frestað. Rétt er að hafa í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽³⁾.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 183 hinn 2. ágúst 2003. Athugasemdirnar má senda um bréfasíma (+32 2 296 43 01 eða +32 2 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3224 – REWE/Bon Appétit, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

Ríkisaðstoð
Mál nr. E 3/02
Frakkland

2003/EES/40/03

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar við Electricité de France í mynd ótakmarkaðrar ábyrgðar sem leiðir af stöðu fyrirtækisins sem ríkisfyrirtækis, sjá Stjtið. ESB C 164, 15. júlí 2003.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum eins mánaðar frest frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri við:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate H 3
B-1049 Bruxelles/Brussel

Bréfasími: +32 (0) 2 296 95 80

Athugasemdir verður komið á framfæri við frönsk stjórnvöld. Hagsmunaaðilum, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska þess skriflega að farið verði með nafn þeirra eða heiti sem trúnaðarmál, enda sé óskín rökstudd.

EFTA
PUBLICATION
UNIT

EFTA Publication Unit

Rue de Trèves 74

1040 Brussels

Belgium

Tel: +32 2 286 17 19

Fax: +32 2 286 17 06